**RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI**
Sólborg, Pósthólf 224, 602 Akureyri,
Sími 463-0570, Fax 463-0571
Netfang: rha@unak.is
Veffang: http://www.unak.is/RHA

# SPURNINGAVAGN AKUREYRI

## 10.-16. MARS 2000

# *Viðhorf Akureyringa til Háskólans á Akureyri*

**Unnið fyrir kynningarsvið Háskólans á Akureyri**

**Grétar Þór Eyþórsson**
**Hjördís Sigursteinsdóttir**

**Mars 2000**

# Efnisyfirlit

*1. Inngangur* ........ *2*

*2. Framkvæmd og heimtur* ........ *2*

*3. Niðurstöður* ........ *3*

**3.1. Telur þú Háskólann á Akureyri vera raunhæfan valkost við aðra háskóla í landinu?** ........ **3**

**3.2. Telur þú að tilkoma Háskólans á Akureyri hafi unnið bænum gagn?** ........ **6**

3.2.1. Ef já, þá hversu mikið á mælikvarðanum 1-5? ........ 6

*4. Viðauki – ýmsar töflur* ........ *8*

# 1. Inngangur

Í marsmánuði framkvæmdi Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri skoðanakönnun meðal bæjarbúa á Akureyri og var fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum boðin aðild. Tilgangur þessarar könnunar var m.a. að gefa forstöðumönnum fyrirtækja og stofnana kost á að fá álit Akureyringa á fyrirtækinu/stofnuninni, framleiðsluvörum þess, ímynd, kostum og göllum og ýmsu öðru sem þá fýsti að vita – auk þess sem almenn þjóðmálakönnun var gerð meðal bæjarbúa. Aðild þessara utanaðkomandi aðila er hugsuð sem fjármögnun til þess að gera sérfræðingum stofnunarinnar og Háskólans kleift að framkvæma eigin grunnrannsóknir í þágu vísindastarfs stofnunarinnar. Við viljum því þakka sérstaklega fyrir þátttöku í þessu verkefni.

# 2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd dagana 10. – 16. mars sl. Í henni var hringt í 600 einstaklinga búsetta á Akureyri. Þeir voru valdir með slembiúrtaksaðferð úr þjóðskrá og endurspeglaði úrtakið aldursdreifingu íbúanna í bænum sem og kynjaskiptingu.




*Mynd 1. Svarhlutfall.*

Alls náðist samband við 563 einstaklinga sem er tæplega 94% úrtaksins og féllust 478 (79,7% úrtaksins) þeirra á að taka þátt í könnuninni en 85 einstaklingar neituðu. Í 37 tilvikum var ekki hægt að ná tali af einstaklingnum.

# 3. Niðurstöður

Grunnbreyturnar í könnuninni eru sex: kyn, aldur, búseta, menntun, starf og tekjur. Þær spurningar sem Háskólinn á Akureyri lét spyrja í könnuninni voru greindar eftir kyni, aldri, menntun og starfi. Hér fyrir aftan er að líta niðurstöður þessa á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun Í viðauka er að finna töflur með nákvæmum tölum og prósentutölum fyrir hverja spurningu ásamt töflu yfir fjölda þeirra sem svarar hverri spurningu fyrir sig.

## 3.1. Telur þú Háskólann á Akureyri vera raunhæfan valkost við aðra háskóla í landinu?

Byrjað var á því að spyrja viðkomandi að því hvort hann teldi Háskólann á Akureyri vera raunhæfan valkost við aðra háskóla í landinu. Langflestir eru sammála um að svo sé því tæp 82% aðspurðra svara "*já, tvímælalaust*" og önnur 12% svara "*að einhverju leiti*". Tveir aðilar svara "*tæplega*" og fimm "*alls ekki*". Af þessum sjö aðilum sem telja Háskólann á Akureyri ekki vera raunhæfan valkost við aðra háskóla í landinu eru sex konur og einn karl, einn er á aldrinum 45-55 ára en hinir sex eru yngri en 35 ára. Aðeins einn þeirra er með háskólapróf en hinir hafa grunnskóla- eða stúdentspróf. Nánari greiningu má sjá á myndunum hér fyrir aftan.




*Mynd 2. Telur þú Háskólann á Akureyri vera raunhæfan valkost við aðra háskóla í landinu?*




*Mynd 3. Háskólinn á Akureyri sem raunhæfur valkostur við aðra háskóla í landinu eftir kyni.*




*Mynd 4. Háskólinn á Akureyri sem raunhæfur valkostur við aðra háskóla í landinu eftir aldri.*




*Mynd 5. Háskólinn á Akureyri sem raunhæfur valkostur við aðra háskóla í landinu eftir menntun.*




*Mynd 6. Háskólinn á Akureyri sem raunhæfur valkostur við aðra háskóla í landinu eftir starfi.*

## 3.2. Telur þú að tilkoma Háskólans á Akureyri hafi unnið bænum gagn?

Viðkomandi var spurður hvort hann teldi að tilkoma Háskólans á Akureyri hafi unnið bænum gagn. Nær allir eru sammála um það að svo eða 99,6% þeirra sem svara spurningunni en fimm aðilar tóku ekki afstöðu. Aðeins tvær konur svara þessari spurningu neitandi en þær eru með grunnskólapróf og stúdentspróf, vinna við verslun og þjónustu og eru yngri en 35 ára.




*Mynd 7. Telur þú að tilkoma Háskólans á Akureyri hafi unnið bænum gagn?*

### 3.2.1. Ef já, þá hversu mikið á mælikvarðanum 1-5?

Þeir aðilar sem telja að tilkoma Háskólans á Akureyri hafi unnið bænum gagn voru beðnir um að meta hversu mikið á mælikvarðanum 1-5 þar sem 1 er lægst og 5 hæst. Rétt um helmingur svarenda gefur hæstu einkunn (fimm) eða 49,2% og 34,7% gefa einkunina fjóra. Meðaltal allra einkunna var 4,3. Reiknað var meðaltal eftir kyni, aldri, menntun og starfi. Aldur hefur greinilega áhrif á afstöðu fólks um hversu mikið gagn Háskólinn á Akureyri hefur haft á Akureyri því meðaleinkunnin hækkar með aldri. Aldurshópurinn 18-25 ára sker sig nokkuð úr og er sá hópur sem hefur lægsta meðaltalið (3,9) en aldurshópurinn 66-75 ára með hæsta meðaltalið eða 4,6. Sjá nánar á mynd hér fyrir aftan.




*Mynd 8. Mat á hversu mikið Háskólinn á Akureyri hefur unnið bænum gagn.*




*Mynd 9. Meðaleinkunn fyrir heild, kyn, aldur, menntun og starf.*

# 4. Viðauki – ýmsar töflur

## Fjöldi sem svarar hverri spurningu:

| | Allir: | Kyn | | Aldursskipting | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | fjöldi: | Karlar | Konur | 18-25 | 26-35 | 36-45 | 46-55 | 56-65 | 66-75 |
| Úrtak | 600 | 299 | 301 | 115 | 125 | 132 | 113 | 56 | 59 |
| Náðist ekki í | 37 | 22 | 15 | 14 | 13 | 2 | 3 | 3 | 2 |
| Neita að svara | 85 | 35 | 50 | 11 | 7 | 23 | 17 | 16 | 11 |
| | | | | | | | | | |
| **Tóku þátt í könnun** | 478 | 242 | 236 | 90 | 105 | 107 | 93 | 37 | 46 |
| *Fjöldi sem svarar:* | | | | | | | | | |
| spurningu 1 | 477 | 242 | 235 | 90 | 105 | 106 | 93 | 37 | 46 |
| spurningu 2 | 473 | 238 | 223 | 88 | 103 | 106 | 93 | 37 | 46 |
| spurningu 2b | 461 | 238 | 223 | 85 | 102 | 101 | 93 | 35 | 45 |

## 1. Telur þú Háskólann á Akureyri vera raunhæfan valkost við aðra háskóla í landinu?

| | Alls: | Já, tvímælalaust | % | Að einhverju leiti | % | Tæplega | % | Alls ekki | % | Veit ekki | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alls: | 477 | 390 | 81,8 | 59 | 12,4 | 2 | 0,4 | 5 | 1,0 | 21 | 4,4 |
| Karl | 242 | 195 | 80,6 | 33 | 13,6 | 0 | 0,0 | 1 | 0,4 | 13 | 5,4 |
| Kona | 235 | 195 | 83,0 | 26 | 11,1 | 2 | 0,9 | 4 | 1,7 | 8 | 3,4 |

| | Alls: | Já, tvímælalaust | % | Að einhverju leiti | % | Tæplega | % | Alls ekki | % | Veit ekki | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 18-25 ára | 90 | 61 | 67,8 | 17 | 18,9 | 1 | 1,1 | 2 | 2,2 | 9 | 10,0 |
| 26-35 ára | 105 | 84 | 80,0 | 10 | 9,5 | 1 | 1,0 | 2 | 1,9 | 8 | 7,6 |
| 36-45 ára | 106 | 93 | 87,7 | 12 | 11,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 0,9 |
| 46-55 ára | 93 | 80 | 86,0 | 10 | 10,8 | 0 | 0,0 | 1 | 1,1 | 2 | 2,2 |
| 56-65 ára | 37 | 27 | 73,0 | 9 | 24,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 2,7 |
| 66-75 ára | 46 | 45 | 97,8 | 1 | 2,2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |

| | Alls: | Já, tvímælalaust | % | Að einhverju leiti | % | Tæplega | % | Alls ekki | % | Veit ekki | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskóli | 196 | 160 | 81,6 | 17 | 8,7 | 1 | 0,5 | 3 | 1,5 | 15 | 7,7 |
| Iðnnám/starfsnám | 115 | 96 | 83,5 | 18 | 15,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 0,9 |
| Stúdentspróf | 74 | 55 | 74,3 | 13 | 17,6 | 0 | 0,0 | 2 | 2,7 | 4 | 5,4 |
| Háskólapróf | 90 | 77 | 85,6 | 11 | 12,2 | 1 | 1,1 | 0 | 0,0 | 1 | 1,1 |
| Annað | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |

| | Alls: | Já, tvímælalaust | % | Að einhverju leiti | % | Tæplega | % | Alls ekki | % | Veit ekki | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 27 | 22 | 81,5 | 4 | 14,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 3,7 |
| Verslun/þjónusta | 110 | 88 | 80,0 | 13 | 11,8 | 2 | 1,8 | 2 | 1,8 | 5 | 4,5 |
| Matvælaiðnaður | 12 | 9 | 75,0 | 3 | 25,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Annar iðnaður | 79 | 68 | 86,1 | 8 | 10,1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 3 | 3,8 |
| Landbúnaður | 8 | 7 | 87,5 | 1 | 12,5 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Opinber þjónusta | 128 | 104 | 81,3 | 17 | 13,3 | 0 | 0,0 | 1 | 0,8 | 6 | 4,7 |
| Annað | 109 | 89 | 81,7 | 12 | 11,0 | 0 | 0,0 | 2 | 1,8 | 6 | 5,5 |

## 2. Telur þú Háskólann á Akureyri hafa unnið bænum gagn?

| *Heild/kyn:* | **Alls:** | **Já** | **%** | **Nei** | **%** |
|---|---|---|---|---|---|
| Alls: | 473 | 471 | 99,6 | 2 | 0,4 |
| Karl | 241 | 241 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Kona | 232 | 230 | 99,1 | 2 | 0,9 |

| *Aldur:* | **Alls:** | **Já** | **%** | **Nei** | **%** |
|---|---|---|---|---|---|
| 18-25 | 88 | 87 | 98,9 | 1 | 1,1 |
| 26-35 | 103 | 102 | 99,0 | 1 | 1,0 |
| 36-45 | 106 | 106 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| 46-55 | 93 | 93 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| 56-65 | 37 | 37 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| 66-75 | 46 | 46 | 100,0 | 0 | 0,0 |

| *Menntun:* | **Alls:** | **Já** | **%** | **Nei** | **%** |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskóli | 193 | 192 | 99,5 | 1 | 0,5 |
| Iðnnám/starfsnám | 115 | 115 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Stúdentspróf | 73 | 72 | 98,6 | 1 | 1,4 |
| Háskólapróf | 90 | 90 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Annað | 2 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 |

| *Starf:* | **Alls:** | **Já** | **%** | **Nei** | **%** |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 27 | 27 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Verslun/þjónusta | 108 | 107 | 99,1 | 1 | 0,9 |
| Matvælaiðnaður | 12 | 12 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Annar iðnaður | 79 | 79 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Landbúnaður | 8 | 8 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Opinber þjónusta | 127 | 127 | 100,0 | 0 | 0,0 |
| Annað | 108 | 107 | 99,1 | 1 | 0,9 |

## 2.b. Ef já, þá hversu mikið á mælikvarðanum 1-5?

| *Heild og kyn:* | *Heild:* | Tveir | % | Þrír | % | Fjórir | % | Fimm | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alls: | 461 | 3 | 0,7 | 71 | 15,4 | 160 | 34,7 | 227 | 49,2 |
| Karl | 238 | 2 | 0,8 | 41 | 17,2 | 87 | 36,6 | 108 | 45,4 |
| Kona | 223 | 1 | 0,4 | 30 | 13,5 | 73 | 32,7 | 119 | 53,4 |

| *Aldur:* | *Heild:* | Tveir | % | Þrír | % | Fjórir | % | Fimm | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 18-25 | 82 | 1 | 1,2 | 29 | 35,4 | 33 | 40,2 | 22 | 26,8 |
| 26-35 | 102 | 0 | 0,0 | 16 | 15,7 | 45 | 44,1 | 41 | 40,2 |
| 36-45 | 101 | 2 | 2,0 | 10 | 9,9 | 32 | 31,7 | 57 | 56,4 |
| 46-55 | 93 | 0 | 0,0 | 7 | 7,5 | 33 | 35,5 | 53 | 57,0 |
| 56-65 | 35 | 0 | 0,0 | 5 | 14,3 | 8 | 22,9 | 22 | 62,9 |
| 66-75 | 45 | 0 | 0,0 | 4 | 8,9 | 9 | 20,0 | 32 | 71,1 |

| *Menntun:* | *Heild:* | Tveir | % | Þrír | % | Fjórir | % | Fimm | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskóli | 185 | 0 | 0,0 | 37 | 20,0 | 67 | 36,2 | 81 | 43,8 |
| Iðnnám/starfsnám | 112 | 1 | 0,9 | 12 | 10,7 | 38 | 33,9 | 61 | 54,5 |
| Stúdentspróf | 72 | 2 | 2,8 | 11 | 15,3 | 21 | 29,2 | 38 | 52,8 |
| Háskólapróf | 90 | 0 | 0,0 | 11 | 12,2 | 32 | 35,6 | 47 | 52,2 |
| Annað | 2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 100,0 | 0 | 0,0 |

| *Starf:* | *Heild:* | Tveir | % | Þrír | % | Fjórir | % | Fimm | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 27 | 0 | 0,0 | 6 | 22,2 | 7 | 25,9 | 14 | 51,9 |
| Verslun/þjónusta | 105 | 0 | 0,0 | 17 | 16,2 | 32 | 30,5 | 56 | 53,3 |
| Matvælaiðnaður | 11 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 6 | 54,5 | 5 | 45,5 |
| Annar iðnaður | 77 | 0 | 0,0 | 12 | 15,6 | 32 | 41,6 | 33 | 42,9 |
| Landbúnaður | 8 | 1 | 12,5 | 2 | 25,0 | 1 | 12,5 | 4 | 50,0 |
| Opinber þjónusta | 125 | 0 | 0,0 | 17 | 13,6 | 43 | 34,4 | 65 | 52,0 |
| Annað | 104 | 1 | 1,0 | 17 | 16,3 | 38 | 36,5 | 48 | 46,2 |